



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Björk Bjarnadóttir landvörður
Herðubreiðalindum
Víkurnesi
660 Mývatn

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Phone (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

21. júlí 2003

Tilvísun: UST20030700191/áb

Fyrirspurn vegna fánamáls og fjölmiðlaumfjöllunar

Ágæta Björk.

Á síðasta ári flögguðu landverðir í Herðubreiðalindum í hálfá stöng þegar gengið var frá samningum vegna álvers. Málið komst í fjölmiðla og undirritaður óskaði í framhaldinu eftir greinargerð um málið. Á haustfundi Náttúruverndar ríkisins útskýrði undirritaður fyrir yfirlandverði og starfsmönnum að opinber stofnun gæti ekki liðið starfsmönnum sínum að mótmæla á vinnustað ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis Íslendinga.

Í ljósi fréttu af fánamáli og fjölmiðlaumfjöllun laugardaginn 19. júlí 2003, óskar undirritaður eftir skriflegri greinargerð yfirlandvarðar um málið. Vinsamlegast svarið eftirfarandi atriðum:

1. Tildrög þeirra aðgerða sem fram fóru. *almenningurinn átti að sjá þetta og gegna Framfarum á hálendi*
2. Hvaða starfsmenn Umhverfisstofnunar tóku þátt í aðgerðum.
3. Voru viðkomandi starfsmenn í vinnutíma að undirbúa aðgerðir.
4. Voru verkfæri eða annað sem Umhverfisstofnun leggur starfsmönnum til, þ.m.t. einkennisfatnaður notuð við undirbúning aðgerðar eða við aðgerðina sjálfa eða kynningar á þeim. *Fatnaður er ekki notaður utan fátíma*
5. Hefur yfirlandvörður kynnt sér þær reglur sem Umhverfisstofnun hefur lagt fyrir að starfsmenn fari eftir. *— gæðuna þetta er til við.*
6. Hefur yfirlandvörður kynnt sér þær reglur sem samstarfsaðili stofnunarinnar, Ferðafélag Akureyrar hefur lagt upp með að sinnt sé á svæðinu. *Í stafrænum UST.*
7. Hvað fór yfirlandverði og formanni Ferðafélags Akureyrar á milli að kvöldi umrædds dags.
8. Var það með vitund og vilja yfirlandvarðar að hún var kynnt sem slík í útvarpsfréttum.
9. Gerði yfirlandvörður athugasemd við fréttaplutning fjölmiðla. *Nei*

Virðingarfyllst.

Árni Bragason

Afrit: Áki Jónsson trúnaðarmaður.

Svar við fyrirspurn sem mér Björk Bjarnadóttur yfirlandverði í Herðubreiðarfriðlandi og náttúruvættinu Öskju barst þann 25. júlí 2003.

Ég vil taka það skýrt fram að aðild mín að "fánamálinu", sem þú nefnir svo, var ekki í nafni starfs míns heldur var ég eingöngu að tjá eigin tilfinningar og skoðanir. Í þessu sambandi er rétt að minna á að starfsvettvangur minn er jafnframt heimili mitt utan vinnutíma. Ég virði engu að síður þær eðlilegu reglur sem þar eiga að gilda og tel reyndar brýnt að allir sem að náttúruvernd starfa sýni vinnustað sínum og umhverfi djúpa virðingu.

- 1) Almenn samstaða þeirra einstaklinga sem starfa að náttúruvernd á svæðinu norðan Vatnajökuls gegn þeim framkvæmdum sem eiga sér stað á Kárahnjúkasvæðinu og hryggð yfir málalyktum; þeim stórfelldu óafturkræfu spjöllum sem verið er að vinna á landi okkar.
- 2) Mér þætti eðlilegt að hver og einn svaraði fyrir sig í stað þess að krefja mig sem yfirlandvörð svara. Hér var um að ræða aðgerð sem fólk tók þátt í sem einstaklingar hvort sem þeir starfa í Herðubreiðarfriðlandi, náttúruvættinu Öskju, Kverkfjöllum eða Snæfelli. Allir þeir einstaklingar sem um er að ræða eiga það sameiginlegt að bera ríkar tilfinningar til náttúru landsins.
- 3) Nei
- 4) Nei
- 5) Já. Hér skal áréttað að starfsmenn flögguðu í hálfu stöng utan síns vinnutíma.
- 6) Já. Ég þekki þær leiðbeiningar sem er vísað til.
- 7) Formaður FFA og yfirlandvörður ræddu um starfsskyldur landvarða sem vinna eftir erindisbréfi UST. Ekki er tekið fram í erindisbréfinu að okkur beri að flagga daglega við skálana en formaður FFA kvað okkur landverði hafa brotið "reglur" með því að flagga ekki við skálana í Herðubreiðarfriðlandi og við DrekaGil hinn umrædda dag, 19. júlí 2003. Ég benti m.a. á að við hefðum flaggað í hálfu stöng á eigin flaggstöng í Herðubreiðarfriðlandi.
- 8) Nei

9) Nei, enda sá ég ekki sjónvarpsfréttir eða heyrði þennan umrædda dag.

Björk Bjarnadóttir, yfirlandvörður í Herðubreiðarfriðlandi og Öskju.

Samrit: Áki Jónsson trúnaðarmaður.



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎: Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Björk Bjarnadóttir, yfirlandvörður
kt. 1604745059
Brekkubyggð 24
540 Blönduós

25. ágúst 2003

Tilvísun: UST20030700191/áb

Þann 19. júlí s.l. var birt frétt í Ríkissjónvarpinu af mótmælum, sem fram fóru í Herðubreiðalindum, vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Í umræddri frétt var enn fremur haft viðtal við þig og kom þar skýrlega fram að þú starfaðir sem yfirlandvörður hjá Umhverfisstofnun. Efnislega tók umfjöllun fréttar Ríkissjónvarpsins til mótmæla þinna og fleiri aðila, sem sumir hverjir eru landverðir hjá Umhverfisstofnun, sem fólust í því að fánar voru dregnir í hálfu stöng.

Með bréfi Umhverfisstofnunar til þín, dags. 21. júlí s.l., var óskað svara við tilgreindum spurningum sem risu í kjölfar birtingar fyrrnefndrar fréttar. Með bréfi þínu til Umhverfisstofnunar, dags. 12. ágúst s.l., var umræddum spurningum svarað. Af hálfu Umhverfisstofnunar þykir í ljósi fyrirliggjandi svarbréfs sérstök ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri:

1. Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002. Stofnunin hefur lögbundnu hlutverki að gegna og um starfsmenn stofnunar gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. Landverðir, sem starfa hjá Umhverfisstofnun, inna vinnuskyldu af hendi á tilgreindum starfsstöðvum og leggur stofnunin þeim til húsnæði. Þá leggur Umhverfisstofnun starfsmönnum til einkennisfatnað o.fl. Öll aðstaða og allur aðbúnaður landvarða í

Herðubreiðalindum er því eign stofnunar og eðli máls samkvæmt er einungis heimilt að nýta hann í þágu starfsemi stofnunar. Að öðru leyti fer um störf og starfsháttu starfsfólks samkvæmt fyrirmælum í erindisbréfi, fyrirmælum stofnunar hverju sinni, venjum o.þ.h.

3. Einn sá verkþátta, sem landvörðum ber að inna af hendi daglega, er í því fólginn að draga íslenska fánann að húni í heila stöng. Í áður nefndri frétt, sem birtist í Ríkissjónvarpinu þann 19. júlí s.l., kom fram að landverðir hefðu flaggað í hálfu stöng þennan dag. Í bréfi þínu til Umhverfisstofnunar, dags. 12. ágúst s.l., segir að tildrög þeirra aðgerða hafi verið, sbr. 1. tölul., "almenn samstaða þeirra einstaklinga sem starfa að náttúruvernd á svæðinu norðan Vatnajökuls gegn þeim framkvæmdum sem eiga sér stað á Kárahnjúkasvæðinu og hryggð yfir málalýktum; þeim stórfelldu óafturkræfu spjöllum sem verið er að vinna á landi okkar."

4. Í upphafi bréfs þíns til Umhverfisstofnunar, dags. 12. ágúst s.l., segir að aðild þín að "fánamálinu" hafi ekki verið í nafni starfs þíns heldur hafi þú eingöngu tjáð eigin tilfinningar

og skoðanir. Af framangreindri umfjöllun og með sérstakri hliðsjón af umfjöllun í 3. tölul. hér að framan verður ráðið að þátttaka þín í mótmælum hafi byggst á því að þú, ásamt fleiri aðilum, hafi sammælt um mótmæli þau sem um ræðir. Til að koma mótmælum þessum á framfæri hafir þú m.a. brotið gegn venjubundinni starfsskyldu um að flagga í heila stöng umræddan dag og þess í stað komið mótmælum þínum á framfæri með því að flagga í hálfu stöng. Mótmælum þessum hafi verið komið á framfæri á starfsstöð Umhverfisstofnunar.

5. Af hálfu Umhverfisstofnunar skal áréttað að stofnunin telur að einstökum starfsmönnum sem og landsmönnum öllum sé heimilt að hafa persónulegar skoðanir á málefnum sem um ræðir og jafnframt sé sömu einstaklingum heimilt að tjá slíkar skoðanir opinberlega. Hins vegar ber til þess að líta að Umhverfisstofnun er stofnun íslenska ríkisins og hefur lögbundnum skyldum að gegna. Starfsmönnum Umhverfisstofnunar má því vera það ljóst að mótmæli starfsmanna, sem fram fara á þann hátt að íslenski fáninn sé dreginn í hálfu stöng á starfsstöðvum stofnunarinnar, eru með öllu ólífðandi. Slíkt háttarlag starfsmanna er með öllu ósamrýmanlegt stöðu þeirra sem og stöðu stofnunar auk þess sem slíkt háttarlag fól í sér brot á starfsskyldum. Í ljósi stöðu þinnar sem yfirlandvarðar er framangreint háttarlag til muna alvarlegra og kallar í reynd á frekari aðgerðir stofnunar.

6. Af hálfu Umhverfisstofnunar er lítið svo á að með háttarlagi þínu hafir þú brotið gegn skyldum, sem á þér hvíla sem starfsmanni stofnunarinnar, auk þess sem framkoma þín og athafnir hafi verið ósamrýmanlegar starfi þínu. Byggir Umhverfisstofnun afstöðu sína í fyrsta lagi á því að fyrir liggur í svarbréfi þínu að þú hafir, ásamt fleiri aðilum, sammælt um fyrirgreind mótmæli. Í ljósi stöðu þinnar sem yfirmanns, yfirlandvarðar, er slíkt háttarlag með öllu ólífðandi og ósamrýmanlegt starfi þínu. Í öðru lagi byggir Umhverfisstofnun afstöðu sína á því að þú hafir, með áðurgreindum hætti, komið mótmælum á framfæri á starfsstöð, stofnunarinnar. Eins og á stöð var umrædd starfsstöð í umsjón og ábyrgð þinni. Í þriðja lagi byggir Umhverfisstofnun afstöðu sína á því að þú hafir brotið gegn starfsskyldum þínum, sem fólust í því að flagga í heila stöng tilgreindan dag í húsnæði Umhverfisstofnunar. Þess í stað hafir þú flaggað í hálfu stöng í þeim tilgangi að koma mótmælum þínum á framfæri. Í fjórða lagi byggir Umhverfisstofnun afstöðu sína á því að í viðtali, sem birtist í Ríkissjónvarpinu kvöldið 19. júlí s.l., komst þú enn fremur fram undir starfsheitinu yfirlandvörður og verður að ganga út frá því að sú staða þín hjá Umhverfisstofnun hafi fyrst og fremst verið tilefni umrædds viðtals. Í ljósi atvika máls og aðstæðna að öðru leyti telur stofnunin framangreint háttarlag þitt að veita viðtal sem yfirlandvörður hafi verið ósamrýmanlegt starfi þínu og stöðu að öðru leyti. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar skal tekið fram að Umhverfisstofnun telur skýringar þínar fráleitir, sem fram komu í bréfi þínu til stofnunar, þess efnis, að aðild þín að "fánamálinu" hafi ekki verið í nafni starfs þíns heldur hafir þú eingöngu tjáð eigin tilfinningar og skoðanir. Gildir sama um tilgreiningar í bréfi þínu, þess efnis, að starfsmenn hafi flaggað utan síns vinnutíma og breyta þær staðhæfingar af augljósum ástæðum engu við úrlausn þessa máls.


7. Umhverfisstofnun lítur framangreint háttarlag þitt í starfi, sbr. 6. tölul., alvarlegum augum. Í því sambandi ber að hafa í huga að Náttúruvernd ríkisins, forveri Umhverfisstofnunar, hafði uppi alvarlegar athugasemdir gagnvart þér og fleiri starfsmönnum við sambærilegar aðstæður sumarið 2002. Það er mat Umhverfisstofnunar að með framangreindu háttarlagi hafir þú brotið gegn skyldum þínum samkvæmt IV. kafla laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. einkum ákvæði 14. gr., 15. gr. sbr. 21. gr. sömu laga. Umhverfisstofnun hefur í hyggju að veita þér áminningu vegna framangreinds háttarlags í starfi, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996. Það skal tekið fram að framangreind tilvik, sbr. 6. tölul., geta öll saman eða hvert og eitt verið tilefni áminningar. Umhverfisstofnun veitir þér hér með færi á að koma að athugasemdum og andmælum vegna fyrirhugaðrar áminningar. Að virtum athugasemdum og andmælum þínum mun

Stofnunin er þetta.

OK.
SARIN.
SUNDIÖR.
FPA.

Umhverfisstofnun taka ákvörðun um hvort áminning verði veitt samkvæmt því sem að framan greinir. Frestur til að skila athugasemdum og andmælum er til 3. september n.k. og skal þeim beint til undirritaðra á skrifstofu Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllt,



Davíð Egilson
forstjóri



Arni Bragason
forstöðumaður

Umhverfisstofnun
 Árni Bragason, forstöðumaður
 Davíð Egilsson, forstjóri
 Suðurlandsbraut 24
 108 Reykjavík

mandat lögmannsstofa

hafnarstræti 20

pósthólf 559

121 reykjavík

sími 511 1190

fax 511 1195

www.mandat.is

Reykjavík 12. september 2003

Efni: Athugasemdir í tilefni af fyrirhugaðri áminningu Bjarkar Bjarnadóttur.

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar fyrir hönd Bjarkar Bjarnadóttur hefur falið undirrituðum að svara bréfi stofnunarinnar dags. 25. ágúst 2003, þar sem Björk var gefinn kostur á að koma að andmælum sínum vegna fyrirhugaðrar áminningar í samræmi við 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í nefndu bréfi er vísað til fréttar í Ríkissjónvarpinu frá 19. júlí sl., þar sem tekið var viðtal við Björk. Tilefni fréttarinnar var að fánar höfðu verið dregnir í hálfá stöng nálægt Herðubreiðarlindum og víðar norðan Vatnajökuls í mótmælaskyni við þær framkvæmdir sem eiga sér stað á Kárahnjúkasvæðinu. Því er mótmælt að tilefni sé til að veita Björk áminningu skv. 21. gr. laga 70/1996 af því tilefni. Athafnir hennar þennan nefnda dag feli hvorki í sér brot gegn 14. né 15. gr. laga nr. 70/1996.

Gerð er grein fyrir afstöðu stofnunarinnar í 6. tölulið bréfsins sem dags. er 24. ágúst. Þeim rökum sem þar eru færð fram er mótmælt.

Í fyrsta lagi er til þess að líta að vinnustaður landvarðar og heimili hans er á sama stað yfir sumartímamann, sú aðstaða getur ekki réttlætt takmörkun á tjáningarfrelsi hennar en jafnframt er til þess að líta að Björk valdi mótmælum sínum stað utan við svæði skálans þar sem hún starfaði til þess að ekki yrði um villst að Umhverfisstofnun ætti ekki hlut að máli. Fána þann og stöng sem Björk notaði það sinn hafði hún sjálf útvegað og framkvæmdi hún verkið utan vinnutíma síns. Fánastöngina sótti hún að aflokinni vinnu og reisti hana um nóttina og fánann dró hún upp áður en hún hóf störf þann 19. júlí og tók hann síðan niður að loknum störfum um kvöldið. Með því að standa svona að verki taldi Björk sig ekki vera að sniðganga neinar starfsskyldur heldur þvert á móti að forðast að starfi hennar yrði blandað inn í mótmælin.

Í annan stað hefur Björk aldrei verið bannað, hvorki einni sér eða í hóp með öðrum, að taka þátt í mótmælum. Að auki verður bann við því að starfsmenn taki sig saman um að lýsa skoðunum sínum utan vinnustaðar ekki talið fela í sér brot gegn 14. eða 15. gr. laga 70/1996. Að auki gilda um starf Bjarkar, vinnu- og umgengnisreglur fyrir starfsmenn í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar auk fylgiskjals með þeim reglum, reglugerð um landverði og erindisbréf sem nafn Trausta Baldurssonar stendur undir en síðastnefnda skjalið mun

samið í samræmi við samstarfssamning Umhverfisstofnunar og Ferðafélags Akureyrar sem gerður var í júní 2003. Í engum af þessum fyrirmælum eða heimildum er kveðið á um að það sé meðal starfsskyldna að draga fána að húni hvern dag. Sérstaklega skal áréttað að óundirritað skjal sem ber yfirskriftina „Starfslýsing fyrir skálaverði Ferðafélags Akureyrar“ getur ekki falið í sér bindandi fyrirmæli um framkvæmd starfs starfsmanna Umhverfisstofnunar.


Varðandi kynningu í umræddri sjónvarpsfrétt þá verður Björk ekki gerð ábyrg fyrir því hvernig sjónvarpið hagar kynningu á þeim sem koma fram í viðtölum. Í sjálfu viðtalinu, þar sem Björk var ekki nafngreind og ekki titluð neinum starfstitli, tók hún sérstaklega fram að aðgerðir hennar væru alls ótengdar starfi hennar heldur algerlega persónulegar af hennar hálfu. Hún getur ekki borið ábyrgð á því af hvaða hvötum fréttamaður ríkissjónvarpsins tók við hana viðtal en sérstaklega skal áréttað að hún „veitti“ ekki viðtal sem yfirlandvörður heldur sem einstaklingur og þar skýrði hún ástæður þess að fáni hennar á fánastöng hennar sem stóð á fjarri skálanum í Herðubreiðalindum væri dregin í hálfu stöng.

Tjáningarfrelsi Bjarkar er varið í 73. gr. stjórnarskrárinnar sbr. lög. 33/1944, sbr. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evópu sbr. lög nr. 62/1994 og 19. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sbr. auglýsingu nr. 10/1979. Takmarkanir á þeim rétti má aðeins gera aðeins gera að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að takmörkunin sé lögbundin, í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist takmörkun sú nauðsynleg og samrýmist lýðræðishefðum. Fyrirnefndir alþjóðasáttmálar fela auk þess í sér áskilnað um verðleika þeirra lagaheimilda sem takmarka rétt einstaklings til að tjá skoðanir sínar.

Með vísan til alls ofanritaðs eru mótmæli við boðaðri áminningu áréttuð þar sem Björk Bjarnadóttir hefur á engan hátt brotið af sér í starfi.

Virðingarfyllst,

Björn L. Bergsson, hrl.



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

III. Júlíandabreut 24

IS - 102 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Björk Bjarnadóttir
kt. 160474-5059
Brekkubyggð 24
540 Blönduós.

Reykjavík, 4. nóvember 2003.

UST20030700191/DE

Umhverfisstofnun hefur borist bréf lögmanns þíns, Björns Bergssonar, hrl., þar sem fram koma athugasemdir og andmæli vegna áminningar sem stofnunin hafði boðað að þér kynni að verða veitt vegna háttarlags í starfi.


Af hálfu Umhverfisstofnunar skal í upphafi tekið fram að málalíbúnaði, skýringum og túlkunum, sem fram koma í áður nefndu bréfi lögmanns, er alfarið mótmælt. Þá er skýringum og túlkunum, sem fram koma í sama bréfi, enn fremur mótmælt. Er það afstaða Umhverfisstofnunar að tilgreint háttarlag þitt í starfi hafi verið ámælisvert og ósamrýmanlegt því starfi sem þú hafðir með höndum. Í dæmaskyni má nefna að af bréfi lögmanns þíns verður ráðið að viðbrögð þín, sem yfirmanns, við aðgerðum undirmanna í tengslum við nefndan atburð, voru með öllu óásættanleg.

Í ljósi atvika þessa máls hefur Umhverfisstofnun ákveðið að gera breytingar á starfslýsingum og endurskoða starfsreglur landvarða stofnunarinnar. Slíkar breytingar á starfslýsingum og endurskoðun starfsreglna munu miða að því að kveða með afdráttarlausari hætti á um réttindi og skyldur landvarða. Það er þó afstaða Umhverfisstofnunar að gildandi starfslýsingar og starfsreglur hafi verið nægjanlega skýrar og aðgengilegar starfsmönnum.


Það tilkynnist hér með að Umhverfisstofnun hefur ákveðið að aðhafast ekki frekar í máli þessu m.a. þar sem stofnunin er að vinna að skýrari starfslýsingum og verklagsreglum fyrir landverði. Þessar starfslýsingar og verklagsreglur eiga að kveða með afdráttarlausari hætti en áður um réttindi og skyldur landvarða.

Af hálfu Umhverfisstofnunar skal þó áréttað að tilgreind framkoma þín var að mati stofnunarinnar mjög ámælisverð og ósamrýmanleg því starfi sem þú hafðir með höndum.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilson
Forstjóri



Guðríður Þorvarðardóttir
Staðgengill forstöðumanns.

Afrit:

Björn Bergsson, hrl.